

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um blóðmerahald.

Frá Ágústi Ólafi Ágústssyni.

1. Hvað er blóðmerahald og hver er tilgangur þess?
2. Hve margir einstaklingar og fyrirtæki stunda blóðmerahald á Íslandi?
3. Hver er veltan af slíkri starfsemi?
4. Hve margar blóðmerar hafa verið notaðar í þessum tilgangi af meraeigendum og líf-tæknifyrirtækjum undanfarin 10 ár, skipt niður á einstök ár?
5. Hvað er gert við folöld blóðmera?
6. Hvernig uppfyllir blóðmerahald lagaákvæði um dýravernd og við hvaða réttarheimild er stuðst?
7. Í hvaða Evrópuríkjum hefur blóðmerahald verið aflagt?

Skriflegt svar óskast.